

Bókasafn Reykjanesbæjar

ársskýrsla fyrir árið 2022



Efnisyfirlit:

Hagnútar upplýsingar

Lykiltölur 2022
Hlutverk
Leiðarljós
Markmið
Leiðir að markmiðum
Aðsetur
Opnunartími
Húsnæði
Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
Rafrænn aðgangur
Rekstrartölur
Starfsfólk
Helstu verkefni ársins
Súlan - verkefnastofa

Aðfangadeild

Hlutverk
Safnkostur

Barna- og ungmennastarf

Sögustundir/heimsóknir
Samstarfsverkefni
Sumarlestur
Koffort
Gaman að lesa saman
Bókaverðlaun barnanna
Fjölskyldudagar
Barnahátíð
Sögupokar

Fjölmennning

Heimskonur
Heima er þar sem hjartað slær
Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Þjónusta við fólk með alþjóðlega vernd
Millisafnalán
Samstarf við Norræna húsið

Heimsendingar

Tölur yfir útlán

Kynningar-og markaðsmál ásamt menningarviðburðum

Reglulegir/fastir viðburðir
Aðrir viðburðir á árinu
Sýningar í Átthagastofu
Kynningarmál

Tölvu- og tæknimál

Tölvueign
Forrit og kerfi

Upplýsingadeild

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
Millisafnalán
Notendaþjónusta
Handbækur
Upplýsingavakt

Útlánadeild

Verksvið
Útlán

Viðgerðir og bókbænd

Stapasafn

Forsíðumyndin er samsett. Yfirlitsmynd frá starfinu, viðburðum og upplestri.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

LYKILTÖLUR 2022: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 78.786 (85.433)

Útlán á íbúa: 3,6 (4,3)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2022 voru 49.677 (57.511)

Útlán Stapasafns 7.876 (7.218)

Heimsendingar, útlán á Nesvelli og Hlévang voru 744 (723)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.860 (19.860)

Rafbókasafn 469 (507)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 160 (250)

Millisafnalán voru 2.206 (3.525)

Fjöldi lánþega með gild kort 31. desember 2022 2.726 (2.183)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir og ratleik: 114 (117)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 4 (14)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir í Stapasafni (16)

Sumarlestur: 267 (142)

Streymisviðburðir: 348 (3.577)

Skráning í netkaffi: 1.665 (1.460)

Þjónustutími: 50 klst á viku

Þjónustudagar: 287 (284)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2022: 61.882 (63.049)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2022: 9 (10). Stöðugildi 6,6 (8,1)

Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun. Bókasafnið er staðurinn til að heimsækja til að sækja fræðslu, námskeið, viðburði, skemmtun, eflandi einveru og nærandi samveru.


Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, vísýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lifandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tímarita og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna og leitir.is, hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.

- o Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- o Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- o Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennabyggðir í Áttahagadeild.
- o Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraradstöðu.
- o Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.



Aðsetur: Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, veffang: sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn. Stapasafn er til húsa í Stapaskóla, Dalsbraut 11 í Innri-Njarðvíkurhverfi. Póstfang 260. Sími 420 9802. Netfang: stapasafn@reykjanesbaer.is.

Opnunartími: Safnið er opið mánudaga til föstudaga kl. 9-18 og laugardaga 11-16 yfir vetrartímann. Lokað er á laugardögum yfir sumarið vegna niðurskurðar hjá sveitarfélaginu. Fyrir árið 2022 eru þetta um 100 tímar á ári í niðurskurði. Stapasafn er opið frá 8-15 virka daga sem skólasafn.

Húsnæði: Safnið er í 760 m² húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 395 m² og neðri hæð 365 m². Neðri hæðin nýtist illa vegna lofthæðar, loftgæða og ranghala. Stapasafn er í 476 m². Almennarými gesta var minnkað með því að afnot af Búri voru teknar af Bókasafninu auk þess sem Ráðhúskaffi var lokað og þar minnkaði almannarýmið allverulega og laut í lægra haldi fyrir kaffistofu starfsmanna á hæðinni.

Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél: Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Í lok árs kom ný sjálfsafgreiðsluvél á safnið sem býr yfir miklum möguleikum við sjálfsafgreiðslu. Önnur sjálfsafgreiðsluvél er í Stapasafni.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is og leitir.is. Bókasafnið er aðili að Rafbókasafni rafbokasafn.is.

Rekstartölur: Fjárhagsáætlun Bókasafnsins 2022 hljóðar upp 91.800.000 kr. sem er nákvæmlega sama tala og árið áður vegna niðurskurðar hjá sveitarfélaginu. Tekjur voru áætlaðar 4.200.000 kr., launakostnaður 68.703.887 og annar rekstrarkostnaður 27.296.113. Fjárhagsáætlun Stapasafns 2022 hljóðar upp á 13.300.000 kr. sem er það sama og árið áður. Launakostnaður var áætlaður 7.816.574 kr. og annar rekstarkostnaður 5.483.426 kr.

Starfsfólk: Í árslok 2022 voru 9 (10) starfsmenn á safninu í 6,6 (8,1) stöðugildum. Þeir eru: Anna María Cornette, Diljá Rún Ívarsdóttir, Guðný Kristín Bjarnadóttir, Jóna Þórudóttir, Oddný Leifsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Sigurrós Inga Sigurbergisdóttir, Vala Björk Svansdóttir og Pórey Ösp Gunnarsdóttir. Auk þess voru Marta Alda Pitak, Guðríður Anna Waage og Unnur Ósk Wium Hörpudóttir í afleysingum. Hulda Klara Ormsdóttir kom frá Virk í vinnuþrófun. Frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar komu þær Berglind Björk og Ísabella Nótt.

Áhrifakeðja Bókasafns Reykjanesbæjar



Helstu verkefni ársins:

Árið 2022 var farið yfir í nýtt veflægt bókasafnskerfi sem heitir Alma og er húst í gagnaveri ExLibris. Alma er skýjalausn og því er ekki lengur nauðsynlegt að hlaða niður kerfi í tölvur til þess að nota þjónustuna. Mikil vinna fór í þessar breytingar á árinu þar sem allt viðmót í nýja Gegni er töluvert ólíkt því gamla. Nýja kerfið var opnað 13. júní og hefur starfsfólk safnsins sótt hin ýmsu námskeið á vegum Landskerfa til þess að læra á kerfið. Nokkrir hnökrar hafa verið í nýja kerfinu og því þarf að taka ýmsum tölum úr kerfinu eins og útlánatölur og tölur um millisafnalán með fyrirvara. Breytingar á gögnum og kerfishögun voru mjög umfangsmiklar og það er óvarlegt að lesa of mikið í samanburð á milli kerfanna.

Í tengslum við samning um þjónustu við Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs var sett upp Netspjall á vefsíðu safnsins og nú er hægt að hafa samband við safnið í gegnum spjallið frá 9.00 -15.30 alla virka daga. Netspjallið er fyrir alla gesti og notendur þjónustu bókasafnsins og er aukin þjónusta.

Í lok árs var gerð þjónustukönnun sem er framkvæmd annað hvert ár. Niðurstöður fyrir safnið eru mjög ásættanlegar og uppúr stendur góð þróun í málefnum viðburða, lengd og tíðni heimsóknna, sýnileika auglýsinga og afgerandi ánægju með þjónustu safnsins en það er söknuður að Ráðhúskaffi. Það eru alls ekki margir snertifletir sem hafa versnað frá 2020 en það eru þó nokkur málefni sem brenna á fólki og er algjörlega í takt við þá samfélagsumræðu sem hefur átt sér stað undanfarin misseri, niðurskurður opnunartíma og plássleysi.

Bókasafn Reykjanesbæjar hlaut 60 þúsund evru styrk úr Erasmus+ styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál á sviði fullorðinsfræðslu. Bókasafnið sótti um styrkinn ásamt samstarfsaðilum frá Noregi og Slóvakíu. Með styrknum er stefnt á að nærsamfélagið í Reykjanebæ þekki betur hugtakið sjálfbærni, læri nýja hluti og aðferðir í grænum lífsstíl og minnka vistspor okkar í leiðinni. Hugmyndafræði verkefnisins er ný útfærsla á deiliahagkerfinu eins og við þekkjum það, þar sem horft er til samnýtingar með það að markmiði að auka umhverfisvernd.

Vegna niðurskurðar sveitarfélagsins var opnunartími Bókasafnsins stytur um eina klukkustund á laugardögum yfir vetrartímamann (núverandi opnunartími er 11-16) og lokað á laugardögum yfir sumartímamann. Þetta var erfið ákvörðun og kemur illa við marga en vonandi er þetta tímabundið. Áhrif

Þessa hefur gætt í fækkun í sumarlestri þar sem lokað var á laugardögum yfir sumarið hjá en eru þeir dagar mikið nýttir af börnum og fjölskyldufólki. Fyrir árið 2022 eru þetta um 100 tímar á ári í niðurskurði.

Síðastliðin ár hefur Bókasafn Reykjaneshæjar stefnt að því að setja upp nokkrar fjölbreyttar og metnaðarfullar sýningar í Áttthagastofu sem tengjast samfélaginu okkar á Reykjanesi eða safnkosti bókaafnsins. Þetta er góð leið til að ná til breiðari hóps viðskiptavina. Ókeypis er inn á allar sýningar safnsins og þær eru opnar á opnunartíma bókaafnsins. Erfitt hefur verið að áætla heimsóknir í Áttthagastofu svo keyptur var teljari og 31.802 manns fóru þar í gegn á árinu.

Sótt var um styrk í Bókasafnasjóð til áframhaldandi vinnu við verkefnið „Heima er þar sem hjartað slær“ og fékkst úthlutun í samvinnu við fjögur bókasöfn um landið; bókasafnið á Ísafirði, bókasafn Héraðsbúa, bókasafnið á Dalvík og bókasafnið í Árborg. Mikil og góð vinna var lögð í verkefnið sem var að mestu unnin meðfram öðrum störfum á árinu. Umsjónarkonur verkefnisins eru Anna María og Gillian Pokalo. Sótt var í Uppbyggingarsjóð fyrir verkefnið „Kynning á bókmenntaarfi“ með almenningsbókasöfnum á Suðurnesjum sem fékkst.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra kom í heimsókn ásamt fríðu föruneysi þann 12. maí og kynnti sér sumarlesturinn, skoðaði safnið og prófaði krakkakjörklefann.

Unnið er að uppbyggingu safnkost í Stapasafni og hefur það gengið vel. Meginþorri safngagna í dag tilheyra barna- og ungmennadeildum líkt og áður. Í Stapasafni er boðið upp á sjálfsafgreiðslu og búið er að setja RFID flögur í öll safngögn.

Í barna- og hnökkadeild var farið í nauðsynlegar breytingar til að stækka rýmið fyrir börn sem í dag telur eingöngu 45 hillumetra og til hliðsjónar má nefna að barnadeildin í Stapasafni sem er útibú Bókasafnsins telur barnadeildin um 113 hillumetra. Áherslan er að auka rými með færslu á hillum og öðrum húsgögnum. Tíðrætt plássleysi kemur þar við sögu.

Ástandið og plássleysi er farið að hafa veruleg áhrif á starfssemi safnsins og háir allri framför og nýsköpun í safninu. Húsnæði Bókasafns Reykjaneshæjar er algjörlega sprungið og hefur það áhrif á alla starfssemi hvort sem kemur að safnkosti, viðburðahaldi eða getu safnsins til að miðla sínu efni og bjóða viðskiptavinunum upp á það rými svo safnið geti rekið sitt skylduhlutverk. Þegar skipuleggja á nýtt safn þarf að hafa þarfir næstu 10–15 ára í huga, staðsetning þarf að vera í alfaraleið og tekið tillit til almenningssamgangna. Bókasafn Reykjaneshæjar vinnur samkvæmt framtíðarsýn „Í takt við tímann“ sem samþykkt var af bæjarstjórn Reykjaneshæjar í apríl 2020. Enn er klipið af almannarými hjá safninu. Bókasafnið hefur misst forræði yfir Búrinu sem vinnurými fyrir gesti þar sem starfsmönnum í húsi vantaði fundarrými. Einnig er mikill missir er af Ráðhúskaffi sem kaffihús og almannarými sem er orðin að stórri kaffistofu fyrir starfsfólk á fyrstu hæð.

Súlan - verkefnastofa

Þórdís Ósk Helgadóttir er forstöðumaður Súllunnar. Menningar- og atvinnuráð skipa þau Trausti Arngrímsson (formaður), Eydís Hentze Pétursdóttir (varaformaður), Sverrir Bergmann Magnússon, Birgitta Rún Birgisdóttir og Eva Stefánsdóttir.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókaafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóðareglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfelli birtist á www.leitir.is og á vefsíðu [bókaafnsins](http://bokasafnsins.is).

Síðustu ár hefur Gegni verið hústur í samhefu bókaafnskerfi sem heitir Aleph sem er húst af ExLibris. Árið 2022 var farið úr því forriti yfir í veflægt kerfi sem heitir Alma og er einnig húst í gagnaveri ExLibris. Alma er skjálausein og því er ekki lengur nauðsynlegt að hlaða niður kerfi í tölvur til þess að nota þjónustuna og gefur líka tækifæri á heimavinnu. Mikil vinna fór í þessar breytingar á árinu þar sem allt viðmót í nýja Gegni er töluvert ólíkt því gamla. Nýja kerfið var opnað 13. júní og hefur starfsfólk safnsins sótt hin ýmsu námskeið á vegum Landskerfa til þess að læra á kerfið. Nokkrir hnökror hafa verið í nýja kerfinu og því þarf að taka tölum með fyrirvara.

Safnkostur í lok árs var 61.882 (63.049). Nýskráningar á árinu voru samtals 3.253. Farið var í mikla grisjun á safnkosti vegna plássleysis og það skýrir að einhverju leiti muninn á stærð safnkostsins á milli ára.

Haldið var áfram að færa safnkost í safndeildir og er það verk vel á veg komið. Safninu barst stór bókgjöf frá pólska sendiráðinu af pólskum bókum fyrir allan aldur. Einnig hafa borist pólskar bækur frá Póllandi, en kona hér í bæ, Sylwia Zajkowska, biðlaði til vina sinna í Póllandi og bað þá um að senda bókasafninu pólskar barna og ungmennabækur að gjöf og hafa borist margar bókgjafir að utan. Eins voru keyptar inn töluvert að nýjum bókum á pólsku þar sem eftirspurn er mikil og í takt við íbúafróun. Á árinu var byrjað að bjóða upp á innanhúslán á hleðslunúrum fyrir minni raftæki eins og síma og spjaldtölvur. Hluta af sögupokum var skipt út og nýtt efni sett í þá. Hafið var útlán á veislukössum en þeir innihalda 12 diska, 12 glös og veifur og eru kassarnir alls 6 með mismunandi litapema. Unnið hefur verið í upplýsingaarkitektúr safnsins þar sem merkingar í safndeildum voru bættar til að auðvelda safngestum að finna það efni/upplýsingar sem þau leitað er að. Útlán í Rafbókasafninu hjá lánþegum allt árið 2022 voru samtals 469 (507). Lánþegar sem nýttu sér Rafbókasafnið voru 131 (161). Það hefur því verið fækkun á bæði notendum og útlánum í Rafbókasafni.



BARNA- OG UNGLINGASTARF

Sögustundir/heimsóknir: Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 114 (116) leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu. Árið 2022 sóttu níu af ellefu leikskólum Reykjanesbæjar og um 647 (572) leikskólabörn sögustundirnar hjá bókasafninu. Leikskólinn Gimli sækir jólasögustundir og Tjarnarsel kemur í reglulegar heimsóknir utan bókaðra tíma. Leikskólarnir Akur, Holt og Stapaskóli mæta á Stapasafn í sögustundir en allir leikskólar koma í ratleik í bókasafni Reykjanesbæjar. Bókasafnið fékk 4 (15) heimsóknir frá grunnskólahópum sem samtals telur um 189 (440) manns. Það komu 232 (177) börn í Vallaleik á safnið. Þar að auki voru hópar frá grunnskólunum að heimsækja safnið án formlegrar móttöku.

Samstarfsverkefni: Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem fer fram á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og unglingsbækur á póstlistum um málefni bókasafna. Barnabókavörður er í samstarfi við skólabókaverði í Reykjanesbæ. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku.

Sumarlestur: Sumarlestur var í boði á tímabilinu frá 1. júní til og með 31. ágúst en þátttakendur voru börn á milli 6 – 16 ára ásamt elsta árgangi úr leikskólum. Starfsmenn bókasafns Reykjanesbæjar heimsóttu alla grunnskóla sveitarfélagsins og var efni sumarlesturs kynnt fyrir nemendum í 1. – 4. bekk þ.e. um 1400 nemendur og fengu allir nemendur bókaskrá til að halda utan um lestur bóka í sumar. Ákvörðun var tekin um að sleppa kynningu fyrir 5. bekk árið 2022. Einnig var farið í alla leikskóla Reykjanesbæjar og fengu 270 börn afhenta bókaskrá og fyrsta spjaldið í sumarlestrarleikjum. Efni sumarlesturs fyrir árið 2022 var ævintýri á Reykjanesi og var útbúið lestrarþing sem tók spilendur í ferðalag um ævintýraheim Reykjanes. Einnig var boðið upp á óvissupakka.

Í upphafi sumarlesturs hefur venjan verið sú að senda tölvupóst til skólastjórnenda og ritara en tilfinning starfsmanna Bókasafnsins er að það virðist vera einhver flöskuháls þegar kemur að boðskiptum frá skólastjórnendum til kennara. Umsjónaraðilar sumarlesturs sendu tölvupóst eins og áður á skólastjórnendum, ritara en einnig á kennara og deildarstjóra til að kynna sérstaklega fyrir þeim sumarlestur efnið árið 2022. Tveir fjölpóstar varðandi sumarlestur voru sendir út í gegnum póstlistann. Einn til allra viðskiptavina bókasafnsins og annar til skólastjórnenda og kennara. Allir viðskiptavinir bókasafnsins eða um 803 fengu til sín tölvupóst og voru um 35,5 % sem opnuðu póstinn. Skólastjórnendur og kennarar fengu senda til sín 216 tölvupósta – 4,8 % svörun eða um 10 af 216

kennurum opnuðu póstinn. Þetta verður að teljast mjög dræm þátttaka þegar horft er á mikilvægi lesturs til að efla færni og þekkingu á mörgum sviðum í lífi einstaklingsins, líka yfir sumartímam. Mikil umræða hefur átt sér stað í samfélaginu um hversu mikil lestrarfærni, þá sérstaklega drengja, hefur dregist saman og í auknum mæli eru drengir að útskrifast varla læsir úr grunnskóla. Það þykir skjóta skökku við að skólastjórnendur og aðrir sem málið varðar skuli ekki hvetja samstarfsfólk sitt til þátttöku þegar fyrir liggur tilbúið efni sem styður við að viðhalda lestrarhæfni yfir sumarið þegar skólar eru ekki starfandi. Mikil vinna, undirbúningur og metnaður fer í gerð sumarlestursefnis hjá starfsmönnum bókasafnsins og einnig er mikið lagt í að allt aðgengi að sumarlestursefninu er sem auðveldast sem og skil og tekið var á móti þátttökumiðum bæði inn á safninu, sem og á rafrænu formi og skilakössum í skólum.

Sumarlestrarleikir 2022

Með Baun 267 voru (142) börn skráð í sumarlestur og 268 (310) spjöldum var skilað inn. 132 (142) börn voru skráð í sumarlestur og 183 (310) spjöldum var skilað inn árið 2022 og þetta er talsverð fækkun milli ára ef Baun skráning er ekki talin með. Þessa fækkun getur þó útskýrst af því að árið 2022 var lokað á laugardögum yfir sumarið hjá bókasafninu en eru þeir dagar mikið nýttir af börnum og fjölskyldufólki. Sumarlestrarleikir voru í boði þ.e. bingó og orðaleit eins og síðastliðin ár en hægt var að nálgast skjöl bæði á netinu og í bókasafninu. Þá var einnig boðið upp á að senda inn lausnir við þeim í tölvupósti og í skilakassa á safni eða í grunnskóla Reykjanesbæjar. Tekið var aftur upp á óvissupökkum bókasafnsins, léttfeti, miðlungur og fullsterkur, en tímabil óvissupakkana var þó styttri en venjulega eingöngu í tvo mánuði í staðinn fyrir þrjá. Farið var með skilakassa í alla grunnskóla Reykjanesbæjar en þar gafst börnum kostur að skila inn í lok sumars í bókasafn í sínum skóla (þetta er gert til börn gætu skilað inn þátttökumiðum í skólann ef þau eiga erfitt með að komast á safnið). Þetta er fimmta árið sem farið er með skilakassa í bókasöfn grunnskólana. Vikulega var dregið úr sumarlestursleikjunum og vinningshafar fengu bókaverðlaun. Dregið var úr innsendum leikjablöðum og skráningum vikulega og þeir heppnu hlutu bíóferð í verðlaun.

Uppskeruhátíð sumarlesturs 2022

Í september fór fram uppskeruhátíð sumarlesturs. Yfirskrift hátíðarinnar var Ofurhetjur fara sínar eigin leiðir og klæddu starfsmenn sig upp sem ofurhetjur. Gestir voru einnig hvattir til að mæta í ofurhetjubúning og bíómyndin Lego Batman sýnd. Til að skapa alvöru bíóstemmingu var leigð poppvél sem vakti mikla lukku og einnig var boðið upp á sykurlausan djús. Um 80 gestir mættu á uppskeruhátíðina og margir hverjir klæddir sem ofurhetjur. Eins og síðustu ár var ákveðið að veita þremur skólum í RNB verðlaunaávisun til bókakaupa á skólabókasafnið sitt. Verðlaunin voru veitt til þeirra skóla sem voru með flesta þátttökumiða (mest lesið) hjá sínum nemendum. Það voru skólarnir Myllubakkaskóli sem náði fyrsta sætinu í ár, Njarðvíkurskóli var í öðru sæti og Holtaskóli í því þriðja. Verðlaunin voru 50.000 kr. fyrir fyrsta sæti en 25.000 kr. fyrir annað og þriðja sætið.

Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar: Bókasafnið er með 11 bókakoffort, eitt koffort í hverjum leikskóla bæjarins. Samtals á safnið 1295 bækur í þessum koffortum sem eru í mikilli notkun. Heildarútlán úr bókakoffortum eru 19.380. Markmiðið með kofforti í leikskólana er að börn hafi aðgengi að bókum, geti fengið að láni bók með sér heim og valið úr úrvali góðra bóka.

Gaman að lesa saman: Bækurnar og hljóðbækurnar úr fjölmennningarverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjanesbæjar, leikskóla Reykjanesbæjar og Hljóðbókasafns Íslands) eru á leikskólum Reykjanesbæjar og nýtast til sérkennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Leikskólinn Gefnarborg í Garði og Laut í Grindavík eru einnig með. Hljóðbækurnar eru ætlaðar tvítyngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmennningarverkefnið Brú milli tungumála í gangi.

Bókaverðlaun barnanna: Í febrúar og mars er börnum á aldrinum 6-12 ára boðið að kjósa uppáhaldsbarnabækur ársins. Kosningin fer fram ár hvert á almenningu- og skólabókasöfnum um allt land. Bókaverðlaun barnanna voru rafræn þannig að safnið sendi enga þátttökuseðla en gestir voru minntir á kosninguna á netinu með auglýsingum innan safnsins og utan.

Fjölskyldudagar: Laugardagar eru fjölskyldudagar í bókasafninu. Settur er fram leikfangakistill og annað dót auk þess sem boðið er upp á fjölda viðburða fyrir fjölskyldur yfir árið. Keyptur var rugguhestur og sett upp Barnahús.

Sögupokar: Markmiðið með sögupokum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafli og sköpunargleði barna. Pokarnir eru tólf talsins og hafa vakið mikla lukku meðal barna og fullorðinna.



Heimskonur Leira



FJÖLMENNING

Heimskonur: Hópurinn Heimskonur hefur nú verið starfræktur í tæplega 10 ár og hefur gengið ágætlega. Hist hefur verið að minnsta kosti mánaðarlega á Ráðhúskaffi en borið hefur á því að erfiðara gengur að fá hópinn til að hittast í safninu eftir að kaffihúsið hætti og aðstöðu var breytt. Með hópnum eru skipulagðir ýmiskonar viðburðir sem haldnir eru bæði í bókasafninu og annarsstaðar. Má þar nefna spilakvöld, búvaxdúkagerð, jólaföndur og fleira. Landinn heimsótti Heimskonur á haustmánuðum 2022.

Heima er þar sem hjartað slær: Verkefnið fór á flug um landið og héldu vinnustofur í Bókasafni Múlabings á Egilsstöðum, Bókasafninu í Dalvíkurbyggð, Bókasafni Ísafjarðar og Bókaafninu í Árborg. Verkefnið er styrkt af Bókasafnssjóði.

Ljóðalabb: Í tilefni af pólskri menningarhátíð í Reykjanesbæ voru hengd upp ljóð á pólsku í íslenskri þýðingu meðfram strandleiðinni og í Njarðvíkurskógum og gátu því íbúar notið útiveru og nært lífsblómið sitt í leiðinni með fallegum ljóðum.

Bréfamaraþon Amnesty International: Bókasafnið tekur alltaf þátt í átakinu í tvær vikur í desember þar sem fólk getur komið og skrifað undir áskoranir á vegum Amnesty.

Tungumálakaffi: Í maí hóf göngu sína Tungumálakaffi í bókasafninu í samstarfi við Rauða krossinn á Suðurnesjum. Sjálfboðaliðar frá Rauðakrossinum koma og spjalla á íslensku um daginn og veginn. Áhugavert er að segja frá því að hópurinn var mestmegin karlmenn. Um haustið ákvað Rauði krossinn að færa þessa starfsemi til sín í Rauðakross húsið og var því sjálfhætt.

Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum: Reglulega koma hópar frá MMS komu í heimsókn á safnið og kynna sér aðstöðuna og þjónustu.

Alþjóðleg vernd: Bókasafnið kemur að þjónustu við fólk í leit að alþjóðlegri vernd í Reykjanesbæ og geta þau fengið bókasafnskort án endurgjalds. Þetta er í samstarfi við velferðarsvið.

Millisafnalán: Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á íslensku, pólsku og ensku til lengri eða skemmri tíma.

Samstarf við Norræna húsið: Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gjöldu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

HEIMSENDINGARÞJÓNUSTA

Rannveig Lilja Garðarsdóttir og Oddný Leifsdóttir hafa umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins – Bókin heim. Farið hefur verið í heimsendingar, á Nesvelli og Hlévangur aðra hverja viku. Um 8 (4) lánþegar hafa þegið þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliðir á milli lánþega og Hljóðbókasafns Íslands þegar þannig hefur staðið á. Um 11 (9) lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hlévangi eru um 4 (4) manns sem nýta sér þjónustuna.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 410 (390)


Nesvellir: 269 (245)

Hlévangur: 65 (88)



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐUM

Í markaðs- og kynningarstarfi safnsins er unnið með póstlista, facebook, instagram, pinterest, heimsíðu safnsins auk fréttabréfs Súlnnar Menning og viðburðir á Suðurnesjum. Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins. Heildarfjöldi viðburða á árinu voru 61 (149) og skráðir gestir voru 42.972 (11.535). Heildarfjöldi áhorfa í streymi voru 348 (3.577). Mikil aukning gesta varð á sýningum, keyptur var teljari sem gefur betri upplýsingar um gestatölur í safnið. Einnig var settur teljari í Lessofu. Fækkun var á föstum viðburðum eins og tækifærissöngum, leshringnum, tungumálakaffi, heimanámsaðstoð, skyndisprell og fleira og skýrir það að einhverju leiti fækkun viðburða á milli ára en enginn starfsmaður var í viðburða- og kynningarmálum á árinu.



Reglulegir/fastir viðburðir:

Bókakonfekt: Einn stærsti bókmenntaviðburður ársins þar sem rithöfundar koma og lesa úr verkum sínum. Í ár komu Úlfar Þormóðsson, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Jóhann Helgason. Boðið var upp á tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Verkefnið var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurnesja.

Bókakonfekt barnanna: Árlegur bókmenntaviðburður fyrir börn var haldinn í sjötta sinn. Eva R. Þorgeirsdóttir og Ari Yates lásu upp úr sinni bókum sínum. Nemendur úr Tónlistarskóla Reykjanesbæjar fluttu tvö lög og boðið var upp á djús og piparkökur. Bókakonfekt barnann er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Að upplestri loknum var boðið upp á jólaföndur. Börnum var boðið að skreyta jólakúlu úr tré og gera merkimiða.

Erlingskvöld: Dagskráin var með glæsilegu móti og fram komu Hallgrímur Helgason, Bragi Páll Sigurðarson og Kristjana Vigdís Ingvadóttir. Kvennakór Suðurnesja flutti nokkur lög í upphafi kvölds. Dagskráin var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurnesja.

Leshringur: Bókasafnið starfrækir leshring sem hittist einu sinni í mánuði og ræðir fyrirfram ákveðna bók sem allur hópurinn les. Um haustið var ljóst að enginn gat haldið utan um hringinn þannig að hann lá niðri á haustdögum.

Foreldramorgnar: Samverustund foreldra með ung börn í safninu. Einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina fá foreldrar fræðslu sem snýr að þörfum og uppeldi ungbarna. Í hin skiptin er notalegt spjall. Foreldramorgnar eru búnir að skapa sér sess meðal foreldra ungra barna og eru flestir viðburðirnir virkilega vel sóttir. Fræðslustundir á árinu voru Linzi Trosh Axelsdóttir sálfræðingur frá HSS með erindi um Svefn ungbarna, skyndihjálp ungbarna frá Rauða krossinum, Erla Hafsteinsdóttir talmeinafræðingur frá Reykjanesbæ, Margrét Knútsdóttir ljósmóðir ræddi um andlega og líkamlega líðan eftir fæðingu og Hugarfrelsi fjölluðu um einfaldar aðferðir til þess að nýta í uppeldi til þess að efla sjálfsmynd barna, orðaforða, skilning og úrræði.

Notalegar sögustundir: Síðasta laugardag í mánuði er Notaleg sögustund með Höllu Karen sem er einn vinsælasti reglulegi viðburðurinn í bókasafninu. Þá les og syngur Halla Karen, leikkona og viðburðastjóri, fyrir stóran hóp barna á aldrinum eins til átta ára, og foreldra þeirra, ömmu og afa.

Bókabíó: Boðið var í bókabíó tvisvar á árinu. Múmínálfarnir voru sýndir í apríl í tengslum við opnun Múmín sýningarinnar og Lego: Batman með íslensku tali í tengslum við sumarlesturslok og opnun sýningarinnar; Ofurhetjur fara sínar eigin leiðir.

Fornsögunámskeið: Tvisvar á ári er fornsögunámskeið haldið í bókasafninu þar sem Þorvaldur Sigurðsson bókmennta- og íslenskufraeðingur fjallar um fornsögurnar. Á vorönn var farið yfir Hetjusögur og Njáls sögu fyrri hluta á haustönn.

Saumað fyrir umhverfið: Á opnunartíma safnsins er hægt að sauma í saumavél. Gestir geta saumað poka fyrir pokastöð bókasafnsins eða til dæmis stytta buxur eða sauma gardínur.



Aðrir viðburðir á árinu:

Lestraráskoran: Í ár var notendum safnsins boðið upp á 3 mismunandi lestraráskoranir sem hægt var að velja um, lesa eina bók á mánuði, tvær bækur á mánuði eða eina bók á viku.

Krakkajóga: Sigurbjörg E. Gunnarsdóttir jógaleiðbeinandi og leikskólakennara var með krakkajóga í tengslum við heilsu- og forvarnaviku.

Öskudagur: Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur þrátt fyrir vont veður. Krakkari búningum fengu blýanta eða strokleður í skiptum fyrir söng og komu um 226 börn.

Norrænt konsert kaffi: Þann 26. mars fór fram Norrænt konsert kaffi í tilefni að degi Norðurlandanna. Jón Kalmann las út nýrri ljóðabók sinni, Hrannar Björn Arnarson, formaður formaður Norrænafélagsins á Íslandi, var með framsögu og Ragnheiður Gröndal, söngkona, flutti nokkur vel valin lög. Konsertkaffið var í boði Norrænafélagsins á Reykjanesi.

Páskaföndur: Boðið var upp á páskaföndur og gátu börn og ungmenni komið og klippt, litað og skreytt.

Barna- og ungmennahátíð (Baun): Boðið var upp á skrímslasmiðju með Hrund Atladóttir myndlistakonu. Fjöldi barna sem sótti hátíðina var um 200 en þar tóku þátttakendur þátt í að skapa og fönndra allskonar skrímsli og furðuverur. Bókasafnið var ein af mörgum stoppistöðum í Barna- og ungmennahátíðinni og var mikið fjör þegar börnin komu til að fá stimpil í kortið sitt. Orðaleikur tengdur sumarlestri var í boði og var þátttaka góð. Tveir vinningshafar voru dregnir út og fengu bíómiða fyrir tvo ásamt popp og gos.

Ræktun matjurta: Ræktun matjurta í gróðurkössum og gróðurhúsum var erindi sem haldið var í safninu í maí. Konráð Lúðvíksson og Faney Jónsdóttir frá Suðurnesjadeild Garðyrkjufélags Íslands voru með erindið. Fræðsluerindið var liður í samstarfsverkefni Lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, Bókasafns Reykjanesbæjar og Siðurnesjardeildar Garðyrkjufélags Íslands.

Ertu að drukka í dóti?: Virpi Jokinen, vottaður skipuleggjandi, var með erindi um hvernig gott skipulag nýttist sem verkfæri í átt að betri líðan.

Söfnun fyrir börn á flóttu: Tilgangur söfnunarinnar var að öll börn gætu tekið þátt í íþróttum og að þau tilheyrðu þeim hópi sem þau væru þátttakendur í. Söfnunin gekk vonum framár og afrakstur hennar komið í góðar hendur. Verkefnið var unnið í samstarfi við verkefnastjóra barnvæns sveitarfélags.

Ljósanótt: Ljóðasamkeppni Bryggjuskálda á Suðurnesjum var með ljóðalestur vinningshafa í ljóðasamkeppni Bryggjuskálda á Suðurnesjum í tengslum við ljósanæturhelgi. Hljómsveitin Midnight Librarian spilaði nokkur lög. Viðburðurinn var styrkur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Dagur ljóðsins: Í tilefni að alþjóðlegum degi lásu Ólafur Sveinn Jóhannesson og Gunnhildur Þórðardóttir upp úr ljóðum sínum í safninu. Viðburðurinn var streymt á Facebook síðu safnsins.

Strand í gini gígins: Ásmundur Friðriksson, Eyjamaður, alþingismaður og höfundur bókarinnar var með erindi úr bókinni og sýndi áhugaverðar myndir frá gosinu í Vestmannaeyjum.

Bleiki dagurinn: Stíllt var upp bleikum bókum og dregnar fram bleikar skreytingar í tilefni dagsins. Starfsmenn voru í einhverju bleiku og gerðu sér glaðan dag.

Markmiðasetning og krabbamein: Íris Dögg Steinsdóttir íbúi í Reykjanesbæ hélt áhugavert erindi í Bleikum október um sína baráttu við krabbamein og hvernig hún notað markmiðasetningu til þess að hjálpa sér í ferlinu.

Norræn bókmenntavika: Í tilefni Norrænnar bókmenntaviku og í samvinnu við Norrænafélagið á Suðurnesjum var boðið upp á lestur á norrænum bókum fyrir leikskólahópa alla vikuna auk þess sem Notaleg sögustund var með norrænu ívafi og í lok sögustundar var boðið upp á köngla og steina málun í tengslum við þema vikunnar sem var norræn náttúra.

Hrekkjavaka: Boðið var upp á Hrekkjavökuföndur en á sama tímavoru nemendur grunnskóla Reykjanesbæjar í vetrarfríi. Börnum var boðið að klippa út, lita og skreyta sínar eigin hrekkjavökugrímur. Í hólfinu á neðri hæð safnsins var búið að skreyta með uppvakningum með Skólaslitsívafi. Gestum og gangandi var boðið að fara inn og leita af uppvakningum með vasaljós að vopni.

Krakkakosningar 2022: Dagana 12. – 14. maí fóru fram krakkakosningar í bókasafninu. Þar voru börn í Reykjanesbæ hvött til þess að láta skoðanir sínar á barnastarfi bókasafnsins í ljós. Börn gátu gengið inn í kjörklefa þar sem hægt var að kjósa á milli nokkurra valmöguleika. Efst varð Roblox námskeið. Lilja Dögg

Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra kom í heimsókn ásamt fríðu föruneysi þann 12. maí og kynnti sér sumarlesturinn, skoðaði safnið og prófaði krakkakjörklefann.

Harry Potter dagurinn: Í fyrsta skipti var Harry Potter dagurinn haldinn í safninu með pompi og prakt og börnum boðið að koma í búningum. Þar var ýmislegt í boði t.d. að prufa huliðskikkju Harrys og máta flokkunarhattinn og komast að hvaða heimavist börnin tilheyrðu í Hogwarts. Sprotasmiðja og ýmislegt föndur fyrir áhugasama.

Safnahelgi á Suðurnesjum: Ákveðið var að fresta Safnahelgi á Suðurnesjum um óákveðinn tíma vegna COVID-19 veirunnar.

Bannaðar bækur: Í tilefni af alþjóðlegri viku bannaðra bóka var vakin athygli á þeim verkum sem hafa verið bönnuð, fjarlægð eða aðgangur að þeim takmarkaður á einhvern hátt, aðallega í skólum og bókasöfnum í Bandaríkjunum. Sett voru saman plaköt fyrir bæði börn og fullorðna til þess að kynna efnið og auk þess voru gerðar myndir fyrir samfélagsmiðla. Meginmarkmið vikunnar er að fagna lestrarfrelsinu og rétti einstaklingsins til þess að velja sér lesefni án ritskoðunar. Af því tilefni var nokkrum vinsælum og þekktum barna- og unglingabókum sem hafa verið bannaðar, gagnrýndar eða þótt ögrandi á heimskringlunni í gegnum tíðina stillt upp til sýnis á safninu.

Jarðvangsvika á Reykjanesi: Stillt var upp safnkosti sem sýnir fram á jarðsögu og fegurð Reykjaneskagans.

Ástarvika: Kærleikurinn er besti leikurinn. Í ástarviku í febrúar var safnið skreytt með bókahjörtum og allir fengu hjartabókamerki.

Dagur íslenskar tungu: Vikuna 16. – 22. nóvember, í tengslum við Dag íslenskrar tungu, voru sett upp ljóð við gönguleið í Njarðvíkurskógum. Ljóðin voru öll eftir Jónas Hallgrímsson og vakti verkefnið mikla lukku meðal bæjarbúa. Bæjarbúar voru hvattir til þess að njóta útiveru og næra lífsblómið með fallegum ljóðum Jónasar í leiðinni.

Heilsu- og forvarnarvika: Í tilefni af heilsu- og forvarnarviku í Reykjanesbæ var boðið upp á heilsufarsskoðun í bókasafninu. Samtakahópurinn í samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja buðu upp á skoðunina. Vel var mætt og einhverjir voru hvattir til þess að fara í meiri skoðun. Einnig var boðið upp á Krakkajóga með Sigurbjörgu E. Gunnarsdóttur leikskólakennara og jógaleiðbeinanda í heilsu- og forvarnarviku.

Bókasafnsdagurinn og Alþjóðlegur dagur læsis: Á þessum dögum vekur bókasafnið athygli á dögum með fjölbreyttum hætti, bæði í safninu og á samfélagsmiðlum. Á bókasafnsdeginum var safnið skreytt með íslenska fánanum, felldar niður sektir og starfsmenn gæddu sér á köku á þessum hátíðisdegi. Þema ársins var Lestur er bestur – á öllum tungumálum.

Vistvæn jól: Í heimilishorninu var sett upp vistvæn innpökkunarstöð í safninu fyrir jólin. Þar var hægt að nota efni sem fellur til í safninu við innpökkun á gjöfum.

Umhverfisvænn september: Bókasafnið tók þátt í átakinu Plastlaus september sem miðar að því að takmarka notkun plasts. Ekki er lengur boðið upp á plastpoka undir bækur, heldur bréfpoka og margnota taupoka. Í safninu var hengt upp dagatal um 30 daga til að minnka plastið á ensku, íslensku og pólsku.

Sumarlestrarleikir: Þemað í ár var Ævintýri á Reykjanesi og boðið var upp á teningaspil sem hægt var að taka með sér heim eða prenta út af heimasíðu safnsins. Einnig var hægt að fara í sumarlestrarleiki, lestrarbingó og orðasúpu. Börn voru hvött til þess að taka þátt og skila inn þáttökuspjöldum eftir hvern leik (bæði hægt að skila á netinu og í safninu eða grunnskólum Reykjanesbæjar) og dregniir voru út vinningshafar í hverri viku í allt sumar.

Kynning á bókmenntaarfinum: Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni „Kynning á menningararfinum“ þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Í marslok var haldið Erlingskvöld þar sem Hallgrímur Helgason, Bragi Páll Sigurðarson og heimakonan Kristjana Vigdís Ingadóttir lásu upp úr verkum sínum. Kvennakór Suðurnesja sungu nokkur lög. Bókasafnið í Grindavík var með skemmtilegt hlaðvarp með viðtali við Unni Guðrúnu Þórarinsdóttur rithöfund. Í byrjun október kom Þórunn Rakel Gylfadóttir í bókasafnið í Vogum og las upp úr bók sinni. Í Bókasafnið í Suðurnesjabæ komu Sigurlín Bjarney Gísladóttir og Eva Björg

Ægisdóttir og lásu upp úr verkum sínum. Í lok nóvember var haldið Bókakonfekt barnanna í Reykjanesbæ þar sem barnabókahöfundarnir Eva Rún Þorgeirsdóttir og Ari Yates lásu úr verkum sínum auk þess sem Tónlistarskóli Reykjanesbæjar bauð upp á tónlistaratriði. Á Bókakonfekt 2022 komu Sigríður Hagalín Björnsdóttir, Úlfar Þormóðsson og keflvíkingurinn Jóhann Helgason og lásu úr verkum sínum. Kynnir var Halla Karen Guðjónsdóttir. Tónlistaratriðið kom frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Heima er þar sem hjartað slær: Sótt var um styrk í Bókasafnasjóð til áframhaldandi vinnu við Heima er þar sem hjartað slær verkefnið og fékkst úthlutun fyrir 2022 í samvinnu við fjögur bókasöfn; bókasafnið Ísafirði, bókasafn Héraðsbúa, bókasafnið Dalvík og bókasafnið Árborg. Mikil og góð vinna var lögð í verkefnið sem var að mestu unnin meðfram annarri vinnu yfir árið 2022. Umsjónarkonur verkefnins eru Anna María og Gillian Pokalo.

Sýningar í Átthagastofu:

Smá – brot; tónlist og útgáfa á Suðurnesjum: Bókasafn Reykjanesbæjar hefur að geyma töluvert safn af plötum tengdum átthögum Reykjanes. Að auki voru fengnir að láni ýmsir munir frá velviljuðum vinum safnsins eins og Byggðarsafni Reykjanesbæjar, Geimsteini, Smástirni og Víkurfréttum. Í kringum jólin var sýningin skreytt með jólas krauti með tilvísun í tíðarandann og tónlistinni skipt út fyrir jólatónlist.

Múmínsýning: Safnið fékk að láni muni úr Múmínsýningu Norrænahússins, og setti upp sýningu fyrir börn á öllum aldri sem stóð frá 26. mars – 16. ágúst. Sýningin býður upp á gagnvirka leið til að kynna stafrófinu um leið og farið er í skoðunarferð um hinn töfrandi Múmíndal. Saman geta börn og fullorðnir kynnt sér figúrur og sögur úr Múmíndalnum og rætt tilfinningar eins og vonbrigði, sorg og ævintýraþrá. Hægt var að horfa á múmínmynd, fönndra og lita verkefni tengd stafarófinu og spreyta sig á klifurvegg.

Ofurhetjur fara sínar eigin leiðir: Sýningin var opnuð á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Á sýningunni voru sýndir ýmsir munir, bækur og blöð er tengjast ofurhetjuheiminum. Með sýningunni var verið vísa í efni sem er til innan veggja safnsins auk þess sem þetta efni höfðar sérstaklega til ungmenna og karlmannna sem oft er erfitt að ná til. Sýningin var sett upp í samstarfi við Nexus sem lánaði safninu þrjár stórar figúrur Spiderman, Wonderwoman og Deadpool. Sýningin var mjög vel sótt og kjörið tækifæri til að minna á fjölbreytt efni safnsins, blöð bækur og dvd á íslenski og ensku.

Jólasýning: Jólakósý var opnuð í byrjun desember og stóð fram á þrettándann. Á sýningunni var lögð áhersla á að ver með notalegt umhverfi þar sem hægt er að sitja og njóta bæði fullorðnir og börn. Fönndraður var stór og mikill arinn (með hljóði) og búinn til fjölnota jólabakgrunnur prentaður á vinyl. Einnig var hægt að setjast niður og horfa á gamlar Amerískar jólamyndir í sjónvarpinu eða lesa jólabækur. Börnin gátu lagst inn í Jólalúsi og lesið í rólegheitum.

Kynningarmál

Rými Bókasafnsins: Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins. Þannig sjá notendur bókasafnsins hvað er að gerast í safninu hverju sinni.

Miðlar

Heimasíða Bókasafns Reykjanesbæjar: Á heimasíðunni eru skrifaðar fréttir um starfsemi bókasafnsins, allir viðburðir auglýstir og síður með margvíslegum upplýsingum, til dæmis um sýningar í safninu, útlánareglur, safnkostinn og margt fleira.

Instagram: Instagram er vinsælasti samfélagsmiðill unga fólksins og þar eru settar inn myndir úr daglegu starfi bókasafnsins, auk þess sem viðburðir eru auglýstir á myndrænan hátt.

Facebook: Bókasafnið nýtir sér Facebook á fjölbreyttan hátt. Allir viðburðir á vegum safnsins eru auglýstir þar, alls konar upplýsingum um þjónustu safnsins er komið á framfæri og myndir úr daglegu starfi settar inn. Auk þess heldur Bókasafnið utan um nokkra lokaða Facebook hópa, t.d. fyrir Foreldramorgna, Leshring og Heimskonur.

Póstlistar/fréttabréf: Póstlistaforritið MailChimp er notað til þess að senda út auglýsingar um viðburði safnsins.

Hefðbundnir fjölmiðlar/annað: Allir viðburðir eru skráðir á Visit Reykjanesbær og einnig birtast flestir þeirra í Viðburðatorgi Reykjanesbæjar í Víkurfréttum á hverjum fimmtudegi og rafrænu fréttabréfi Súlunnar, Menning & viðburðir. Umfjallanir um viðburði á vegum safnsins birtast oft í Víkurfréttum og af og til náum við eyrum landsfjölmiðla.

TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

Tölvueign: 20 tölvur eru nú í eigu safnsins, ein keyrir netkaffi fyrir gesti. Þar af eru 3 nettölvur fyrir gesti með prentara, 1 sjálfsafgreiðsluvél, 1 leitartölva fyrir gesti sem veitir aðgang að leitir.is, þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna. Loks eru 10 tölvur á vinnustöðum starfsmanna, þar af 4 fartölvur. Ókeypis aðgangur er að almenningstölvunum og þráðlausu neti fyrir lánþega safnsins, aðrir greiða fyrir aðgang að tölvu. Á árinu voru keyptir 2 nýir skjáir í afgreiðsluna þegar nýtt kerfi Gegnis var tekið í gagnid. Tölva fyrir deildarstjóra miðlunar var endurnýjuð. Árið 2022 voru 1.665 (1.460) skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 139 (122) á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í september eða 193 innskráningar. Í Stapasafni er 1 borðtölva og 1 fartölva.

Forrit og kerfi: Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 10. Á árinu var tekið upp nýtt bókasafnskerfi sem áfram ber heitið Gegnir. Sú breyting varð á að kerfið er ekki lengur geymt sem forrit á tölvum starfsmanna heldur er það aðgengilegt í gegnum heimasíðu á internetinu. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Creative suite, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes. Í febrúar fóru öll skjöl bókasafnsins í skjúð og eru þau aðgengileg fyrir alla starfsmenn hvar og hvenær sem er. Með skjúinu er aðgangur að sharepoint og öðrum Microsoft forritum.

UPPLÝSINGAÐEILD

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir: Starfsemi Upplýsingadeildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum. Einnig er starfsemin fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingadeildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk upplýsingardeildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingadeild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Jafnframt sér deildin um kynningar fyrir hópa sem vilja kynna sér safnið og starfsemi þess. Áfram verður lögð áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Skráðar beiðnir um heimildaleit voru 74 (62). Lítilleg fjölgun varð í upplýsingaleit á árinu sem má kannski rekja til samstarfs við Keili. Aðstaðan á neðri hæð safnsins er nýtt vel á hverjum degi og hefur verið aukning þar á. Mikil vonbrigði urðu þegar Búrið var tekið af forræði safnsins og ítrekuð minnkun á almannarými. Í árslok var endurnýjaður þjónustusamningur um upplýsingaþjónustu fyrir nemendur af menntaskólanum á Ásbrú og háskólabrúar Keilis. Samningurinn gildir í eitt ár.

Notendafræðsla: Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál. Þrátt fyrir litla eftirspurn er nauðsynlegt að geta boðið upp á þessa kennslu og því er vilji fyrir að halda henni áfram..

Handbækur: Handbókasafnið, sem staðsett er á neðri hæð við upplýsingaþjónustuborð er í sífelldri þróun og endurskoðun. Fyrir nokkrum árum var tekin sú stefna að lána út handbækur í skammtímaláni til þess að fá meiri hreyfingu á handbækur. Lánstími er allt frá því að vera frá einum sólarhring upp í 14 daga. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir.

Upplýsingavakt: Þrír bókasafns- og upplýsingafræðingar sinna upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 9 til 15:30 virka daga og hefur það gengið misjafnlega.

Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirspurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

ÚTLÁNADEILD

Verksvið: Markmið útlánadeildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavini, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögur um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni. Starfsmenn í afgangi finna aukna þörf notenda fyrir aðstoð við almenningstölvur og prentun. Í gildi er samstarfssamningur milli bókasafns Reykjanesbæjar, bókasafnanna í Vogum, Grindavík og Suðurnesjabæ. Þannig gildir eitt bókasafnsskríteini milli allra safnanna, hægt er að panta og skila safnefni frá öllum samstarfssöfnum.


Útlán: Útlán frá afgangsluborði safns árið 2022 voru 49.677 (57.511). Heimsendingar og útlán á elliheimili voru alls 744 (723). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.860 (19.860). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókasþjalli voru 160 (250). Flest útlán frá afgangsluborði voru í janúar 5.707. Safnið var opið í 50 klst á viku yfir árið 287 (284) daga á árinu. Útlán í rafbókasafni voru 469 (492). Útlán frá afgangsluborði Stapasafns voru 7.876 (7.218).

VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Innbindingu á Faxe og Víkurfréttum er sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda á timarit.is. Umsjón með viðgerðum hefur Jóna Þórudóttir.

STAPASAFN

Stapasafn deilir húsnæði með Stapaskóla, fyrst sem skólabókasafn þar til fasi 2 við byggingu Stapaskóla verður tilbúin. Safnið er staðsett á efri hæð Stapaskóla. Áætlað er að almenningshlutinn opni að hausti 2023. Stapasafn þjónustar nemendur og starfsfólk skólans með útlánum safngagna og upplýsingaþjónustu. Sjálfsafgreiðsla er einn af áherslupáttum þjónustunnar og hefur orðið aukning þar á og mælist hún vel fyrir hjá nemendum. Safnkostur er samnýttur milli aðalsafns og útibús og eru sendingar milli safnanna farnar eftir þörfum. Útlán Stapasafns 2022 er 7.876 (7.218) Leikskólarnir Akur, Holt og Stapaskóli byrjuðu að mæta á Stapasafn í sögustundir. Safnið er opið virka daga frá kl. 8:00 – 15:00 en lokað á matartíma 11:45 – 12:15. Verkefnastjóri Stapasafns er Þórey Ösp Gunnarsdóttir og tímastarfsmaður er Unnur Ósk Wium Hörpudóttir. Safnkostur Stapasafns er skráður í Gegni, var 6.303(3.523). Nýskráningar voru 1.126. Í árslok 2022 en meginþorri safngagna eru í barna og ungmennadeild sem stendur. Á Bókasafni Reykjanesbæjar fara fram innkaup, skráning og flokkun en starfsmaður Stapasafns sér um tengingu gagna og plöstun. Alla þriðjudaga koma leikskólarnir í Innri-Njarðvík í sögustundir er þær voru 16 (28) og alls komu 214 (406) börn. Í Stapaskóla eru (356)369 börn á grunnskólastigi og (86) 83 börn á leikskólastigi. Stapasafn er mikið notað fyrir verkefnavinnu og stuðningskennslu sem og Frístundarheimilið Stapaskjól kemur reglulega í heimsókn. Safnið er einnig mikið notað af eldri bekkingum í frímínútum og í matartíma. Tekist hefur að gera bókasafnið eftirsóknarverðum stað sem gott er að koma og dvelja á. Ýmsar uppákomur hafa verið á skólasafninu eins og kosning til Bókaverðlauna barnanna, ástarvika, Bókasafnsdagurinn, bleikur október, vika bannaðra bóka, hrekkjavaka, Dagur íslenskrar tungu og jóladagskrá.



YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

Heimsóknir:

Stökkpallurinn frá MSS í Vallaratleik
MSS grunnur

Súlan:

Vikufundir
Menningar- og atvinnuráðsfundir
Stöðufundir
Starfsdagur

Nám og námskeið:

Skyndihjálpi – SG/VS
Alma nýtt bókasafnskerfi – allt starfsfólk
Tímastjórnun - ÞÖG,SIS,SG,AMC
Þjónustuhugvekja með Erni Árnasyni VBS,JP,SG,ÞÖG,SIS,GKB
Seigla/streita – vinur í raun? – SG
GoPro – SG
Kynning á aðstöðu og þjónustu fyrir Keili – SG/ÞÖG
Meistaránám í Upplýsingafræði – SIS
Fjölmennung auðgar – allt starfsfólk
Virkniping – SG

Ráðstefnur, fundir:

Bókasöfn fyrir ungt fólk HÍ rannsókn – SG/SIS
Málþing Landsnefndar Bláa skjaldarins á Íslandi – GKB
Málþing: tengsl menningar og lýðheilsu – SG
Málþing Upplýsingar - SG
Barnabókasetur - SG
Skólaslit – SG
Starfsgreinakynning – ÞÖG/GKB
Málþing Upplýsingar „Bókasafn framtíðarinnar“ – SG
Samráðsfundur Gegnis með Landskerfum – SG/JP/ÞÖG/GKB/SIS/DRÍ
Samfélagsmiðlar Sahara – SG/AMC/SIS/JP/GKB/ÞÖG
Kyndilberi Reykjanesbæjar – GKB
Blái skjöldurinn – GKB fulltrúi
Prófanir eftir aðra gagnahleðslu í Ölmú – ÞÖG
Esmarus+ fundir – SG
Liðveisla með börnum - SG/SS/ÞÖG/GKB/JP/OL/ÁÆH/GW/RG/AMC
Heilsueflandi forysta og vellíðan í starfi – SG
Krásskúrs í stafrænni markaðssetningu – SG
Menning og lýðheilsa - SG
Stjórnendadagur - SG/ÞÖG
Vinnuhópur um nýtt bókasafnskerfi – ÞÖG
Starfsmenn á skólasöfnum í Reykjanesbæ – SG/SIS/ÞÖG
Aðalfundur Landskerfis í júní - SG fulltrúi
Aðalfundur Upplýsingar – SG fulltrúi
Aðalfundur SFA – SG
Fundir í stjórn Upplýsingar – SG ritari
Aðalfundur Málræktarfélag Íslands í júní – SG fulltrúi
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna – SG
Umsjón með bókaspylli – SG/Guðmundur Ingvar Jónsson
Erasmus+ - SG/Berglind Ásgeirsdóttir
Fræðslufundir stjórnenda – SG
Áhættumat starfa – SG

Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar bókasafna – SG

Varamaður í stjórn Landskerfis bókasafna hf að hálfu sveitarfélaga. - SG

Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningubókasöfnunum í Grindavík, Vogum og Suðurnesjabæ

Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess

Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Hljóðbókasafn – SIS

Málræktarfélag Íslands – SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi

Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gegnis – SG

Samstarf almenningubókasafna á Suðurnesjum - SG

Samtök forstöðumanna almenningubókasafna – SG fulltrúi

Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða – flest starfsfólk félagar

Bókasafnasjóður - SG

Starfsmannafundir, starfsmannamál:

Hópvænna – teymi um málefni/verkefni. Fundað eftir þörfum

Starfsmannafundir hálfsmánaðarlega yfir veturinn

Deildarstjórafundir vikulega yfir veturinn

Töflufundir daglega

Starfsmannasamtöl

Breytingar á vaktafyrirkomulagi

Öryggisfundur og áhættumat

Fræðsluferðir

Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónaraðilum verkefna.

Gjört í febrúar 2023

Stefanía Gunnarsdóttir

Forstöðumaður